

Fundur í skólaráði Glerárskóla mánudaginn 22. mars 2021 kl.15.

Mættir: Mikael Darri og Freyja fyrir hönd nemenda, Soffía f.h. starfsmanna, Hólmfríður og Inga Huld kennarar, f.h. foreldra Eidís, Ágúst og Auður frá hverfisnefnd. Eyrún skólastjóri og Helga deildarstjóri sem skáir fundargerð.

Dagskrá:

1. Erindi skólaráðs til bæjarráðs
Þar var óskað eftir að haldið yrði áfram viðhaldi Glerárskóla. Eyrún fór yfir bókun bæjarins vegna þessa bréfs. Þar var vísað til gerðrar fjárhagsáætlunar Akureyrarbæjar fyrir árin 2022-2025. Sem þýðir að farið verði í framkvæmdir við skólann árið 2023. Þurfum að halda þessu vakandi og standa vörð um að það verði farið í framkvæmdir 2023.
2. Skóladagatal
Eyrún fór yfir og útskýrði dagatalið. Spurt út í starfsdaga og tengsl við leikskóla. Eyrún var búin að tala við leikskólastjóra Klappa en ekki aðra leikskólastjóra í hverfinu. Spurt var út í samræmdu prófin, ekki víst að þau verði haldin, margt óljóst þar. Skóladagatalið var borið upp og samþykkt.
3. Árshátíð
Aðeins rætt um árshátíð Glerárskóla sem haldin verður í vikunni. Henni verður ekki streymt. Dansleikir ekki opnir fyrir nemendur utan skóla.
Eyrún sagði frá þátttöku okkar á Barnamenningarhátíð, ljóðin okkar verða hengd upp í strætó og myndirnar okkar í Ráðhúsi. 9. bekkur söng tvö lög úr Konungi ljónanna í fjölskyldumessu í Glerárkirkju á sunnudag
4. Gæðaráð
Eyrún sagði frá gæðaráði sem er nýtt ráð í skólanum og kemur að innra mati skólans auk tengsla við innleiðingu nýrrar Menntastefnu Akureyrar. Í ráðinu sitja sjö manns, skólastjórnendur, þrjú kennarar og stuðningsfulltrúi. Þá sagði Eyrún frá Bravo Lesson sem er nýtt kerfi sem nýtist við innra og ytra mat á skólanum. Erum rétt að fara af stað þar og mun þetta kerfi einfalda okkur margt í þeirri vinnu.
Inga spurði hvort bæjarfélagið sé hlynnt þessu kerfi og svarið var já. Komin reynsla á kerfið hjá t.d. Brekkuskóla.
5. Framkvæmdir á lóð Glerárskóla
Í fyrri fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að lóð Glerárskóla yrði tekin í gegn en það verður ekki nema að hluta núna. Leikskólinn verður kláraður og lóðin þar. Okkur er gert að nota bílastæði ofan leikskóla og síðan verður bílastæði fyrir skólann, leikskólann, íþróttahús og sundlaug gert sunnan skóla auk aðkomu að þessum húsum. Í vor verður settur stór körfuboltavöllur austan skólans. Göngustígur verður lagður við klettana austan skóla sem tengist göngustígakerfi bæjarins. Hugsanlega þarf að færa leiktækin sem fyrir eru á lóðinni. Í framhaldi verður gert anddyri fyrir stofnanir sem hér eru, væntanlega á milli íþróttahúss og skóla. Töluverð umræða spannst um skipulagsmál, sérstaklega það sem tengist bílastæðamálum.
6. Skýjaborgir
Eyrún sagði frá því sem þar er í gangi. Nemendur hafa ekki gengið vel um. Verið að kaupa fleiri sófa og stóla og annað til að gera huggulegt.
7. Komandi mánuðir í skólanum
Sjötti apríl fyrsti kennsludagur eftir páska. Uppstigningadagur, hvítasunna og tveir starfsdagar. Skóla slitið 8. júní. Eyrún stakk upp á að fækka fundum, tveir fundir á skipulagi skólaráðs en spurning að að halda ekki næsta fund fyrr en 17. maí og var það samþykkt.
8. Önnur mál voru engin